

AUÐKENNDAR BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA LAGÐAR FRAM FYRIR ÁRSFUND SJÓÐSINS 12. JÚNÍ 2020 ÁSAMT SKÝRINGUM

Opnað á greiðslur frá Vinnumálastofnun og Fæðingarorlofssjóði ásamt tímabundnum greiðslum frá vinnuveitendum utan FÍA

Í tillögum þeim, sem á eftir koma, eru lagðar til breytingar sem opna á þann möguleika fyrir sjóðfélaga EFÍA að greiða áfram til sjóðsins á meðan þeir fá greiðslur frá Vinnumálastofnun eða Fæðingarorlofssjóði. Þá er jafnframt opnað á það að sjóðfélagar EFÍA geti greitt áfram til sjóðsins, tímabundið, af launum frá vinnuveitanda utan FÍA.

1) Ný grein: gr. 3.2 – númer annarra greina í 3. gr. hliðrast til samræmis

Tillaga:

Sjóðfélögum er heimilt að greiða tímabundið af launum hjá vinnuveitanda sem ekki hefur gert samning við FÍA sem og af greiðslum frá Vinnumálastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Tímabundinn heimild til greiðslu í sjóðinn hefst þegar greiðslum frá launagreiðendum sem gert hafa kjarasamning við FÍA lýkur. Heimild til greiðslu í sjóðinn getur varað í allt að 36 mánuði en stjórn er þó heimilt að framlengja tímabilið í allt að 60 mánuði.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er lagt til að sjóðfélögum EFÍA verði gert heimilt að greiða tímabundið af launum frá vinnuveitanda utan FÍA, Fæðingarorlofssjóði og Vinnumálastofnun.

2) Ný grein: gr. 9.2 – númer annarra greina í 9. gr. hliðrast til samræmis

Tillaga:

lögjöld til lífeyrissjóðsins vegna greiðslna frá Vinnumálastofnun, fæðingarorlofssjóði eða tímabundinna greiðslna frá atvinnurekanda utan FÍA skulu að lágmarki vera í samræmi við gildandi lög um lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er tekið á því hvert lágmarksiðgjald til sjóðsins skuli vera af þeim þeim launum sem sjóðfélagi greiðir af til sjóðsins en falla ekki undir kjarasamning FÍA.

3) Breyting: gr. 9.2 – verður 9.3

Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1. og [9.2](#) skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrkir, dagpeningar og fæðispeningar.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er einnig vísað til nýrrar greinar 9.2 við skilgreiningu á iðgjaldastofni til lágmarksiðgjalds.